

Sveit og borg

BÆKUR

Skáldsaga

SKIPAFRÉTTIR

eftir Annie Proulx. Bókin hlaut National Book Award 1993 og Pulitzer-verðlaunin 1994. Sveinbjörn I. Baldvinsson þýddi (The Shipping News á frummálinu). 377 bls. Mál og menning 2003.

Allir kaflar í Skipafréttum hefjast á tilvitnun sem tengist efni kaflans ljóst eða leynt. Fyrsti kaflinn ber t.d. nafn aðalpersónu sögunnar, Qouyle (merkir kaðalhönk) og honum fylgir tilvitnun úr Hnútabók sem lýsir Flæmskri flögu: „...hönk úr aðeins einu lagi. Hún er notuð á dekki og höfð flöt svo unnt sé að ganga á henni ef nauðsyn krefur“ (7). Qouyle er vanur yfirgangi og átroðningi, hann hefur þolað sífellda gagnrýni og háðsglósur föður síns og bróður alla ævi og tekið því með undirgefni þolinmæði. Er hann kvænist tekur konan við að kvelja hann og niðurlægja. Hann er stór, klunnalegur og ófríður og sjálfsmynd hans er í molum, það sem hann þráir gerist aldrei (50). Þegar eiginkonan ferst í bílslysi stendur Qouyle uppi með tvær ungar dætur. Ókunnug frænka hans skýtur þá upp kollinum og saman halda þau á slóðir forfeðranna í Killick-Claw á Nýfundnalandi til að hefja annað líf.

Í Killick-Claw hefur lífið gengið sinn vanagang öldum saman en breytingar eru í aðsigi. „Það er tvenns konar líf hérna núna. Það er þetta gamla, sjá fjölskyldunni farborða, deyja þar sem maður fæddist, vera á sjónum, höggva eldivið, rækta garðholu, una við það sem maður hefur. Og svo er það nýja línan. Stunda líkamsrækt, vera í vinnu, einhver sem segir manni fyrir verkum, keyra til og frá vinnu, eiga bróður í Suður-Afríku og mömmu í Regina, kaupa hvert einasta djöfuls snitti af japönsku drasli sem til er. Flytja burt. Fara til að leita að vinnu. Og sumir lenda í heilmiklu basli með það“ segir Jack Buggit (319), eigandi Gjammfuglsins, afar heimilislegs staðarblaðs sem bregst við tíðindaleyfi með því að búa til fréttir, auglýsingar og slúður. Qouyle hefur þann starfa að skrifa skipafréttir á blaðinu og um bílslys en aðrir starfsmenn eru stórskemmtilegar manngerðir. Þegar Qouyle lagði land undir fót var hann þess fullviss að einsemd og niðurlæging yrðu ávallt hlutskipti hans, að hann verðskuldaði ekki neitt og að ást og eynd færu alltaf saman. Brátt lærir hann að fóta sig í hrjóstrugri tilveru og aðstæðurnar neyða hann til að takast á við lífið í stað þess að sitja hjá. Hann stígur út úr hlutverki hins þögla þolanda og verður gerandi; í fámenninu öðlast hann viðurkenningu og fær að vera hann sjálfur.

Í sögunni mætast miklar andstæður; skyndibitamennning og stórborgarfíring andspænis þjóðlegum hefðum, hjátrú og óblíðri náttúru. Skipafréttir er öðrum þræði þroskasaga Qouyles og um leið hefur hún þann boðskap fram að færa að hver og einn verði að bera ábyrgð á að skapa sína hamingju sjálfur. Sagan er líka óður til fortíðar; sjávarpláss og sveitabæja, nábylis við náttúruöflin, saklausrar sérvisku og frumbýlingsháttar. „Einu sinni var heimurinn ekkert nema hnútar og vafningar – sem svignuðu og sveigðust, þannig var það fyrir daga óbilgjarns ofbeldisins í nöglum og skrúfum“ (89). Nútímasamfélag er ofbeldisfullt, spillt og hávaðasamt; út við ysta haf er loksins hægt að heyra í sjálfum sér gegnum öldunið og fuglakvak. Í litlu samfélagi er hver einstaklingur mikilvægari en í stórborginni þar sem auðvelt er að hverfa í iðandi manngrúann. Söknuður eftir horfnum heimi liðinnar aldar leitar á nútímahöfunda og hið gamalkunna þema sveit~borg virðist vera að ganga í endurnýjun lífdaga.

Bygging Skipafrétta er á yfirborðinu einföld raunsæisfrásögn um alþýðufólk sem er brotin upp með litlum ævisögum kostulegra persóna. En margt er táknrænt og djúpt í sögunni, s.s. þegar gamla ættaróðalið slitnar upp með rótum í óveðri en þá fyrst er Quoyle laus undan fargi fortíðar og tilbúinn að takast á við framtíðina. Upphugsaðar fyrirsagnir blaðamannsins Quoyles birtast hér og hvar, ásamt fyrirboðum og draumum, auk augljósra tenginga við fyrrgreindar tilvitnanir en „án innblástursins úr frábæru verki Cliffords W. Ashley frá 1944, Hnútabók Ashleys, sem ég var svo heppin að finna á bílskúrssölu verðlagða á 25 cent hefði þessi bók haldið áfram að vera aðeins hugmynd á blápræði“ segir höfundurinn í bókarlok. Sveinbirni I. Baldvinssyni tekst að færa sérstakan andblæ sögunnar yfir á góða íslensku; myndrænar náttúrulýsingar, fyndin samtöl, upptalningar og mjög frumlegar líkingar skila sér vel í þýðingunni. Skipafréttir er gamaldags og notaleg saga um hamingjuna, ástina og lífið á landsbyggðinni þar sem bjartar vonir vakna við sögulok fyrir sjóhunda jafnt sem værukæra landkrabba og streitt borgarbörn.

Steinunn Inga Óttarsdóttir